Málavextir og málsástæður: Fjárfrafa máls þessa er tilkomin vegna námsláns stefndu, sem hún fékk greitt út hjá stefnanda á árinu 2006. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er giltu þegar lánið var tekið gaf stefnda af því tilefni út skuldabréf nr. G-066106 þann 15. febrúar 2006 þar sem Katrín Corazon Surban undirritaði skilmála lánsins í umboði stefndu, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 0,4% samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, sem í því tilviki sem hér um ræðir voru þann 9. maí 2007. Jafnframt veitti stefnda stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við námslok, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæð umrædds láns 867.318 krónum miðað við grunnvísitölu 268,7.

Katrín Corazon Surban tók á hendur sér sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun á ofangreint skuldabréf þann 15. febrúar 2006, fyrir fjárhæð allt að 4.000.000 krónur miðað við grunnvísitölu 240,7. Katrín Corazon tók á sig sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun á sérstaka yfirlýsingu þess efnis þann 15. febrúar 2006, fyrir fjárhæð allt að 4.000.000 krónur miðað við grunnvísitölu 240,7. Þá tók ábyrgðin til greiðslu vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar ef vanskil verða. Henni er ekki stefnt í máli þessu.

Um endurgreiðslu á láninu fer samkvæmt þágildandi lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Árleg endurgreiðsla lánsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst ársgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs og hins vegar er tekjutengd ársgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af tekjustofni lánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 1. september 2021 en endurgreiðslur lánsins frestuðust síðan fram til ársins 2022 þar sem lántakanda bar fyrst að greiða af eldra R láni sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 21/1992 um innhemturöð námslána. Afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá 1. september 2021. Samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu, og svo sem leiðir af fyrrgreindum lögum nr. 21/1992 og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 26. september 2022 vegna verulegra vanskila stefndu en þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 1.035.111 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 955.403 krónur uppreiknað miðað við vísitölu þann dag 553,5 og 0,4% vexti.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallnar afborganir	dags. 1. september 2023	kr. 490.016
	dags. 1. mars 2022	kr. 152.048
	dags. 1. september 2022	kr. 393.047
Samtals		kr. 1.035.111
Gjaldfallnar eftirst.		kr. 955.403
Samtals eftirst		kr. 1.990.514

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til b. liðar 1. mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Stefna sem fyrirhugað var að þingfesta þann 12. október 2023 var þýdd og send út í birtingu til Bandaríkjanna. Samkvæmt beiðni um stefnubirtingu á hendur stefndu var stefnufrestur tilgreindur 12. september 2023. Stefnan var birt stefndu í Bandaríkjunum eftir stefnufrest eða þann 12. október 2023 sbr. birtingavottorð sem var móttakið hjá sýslumanni á Suðurnesjum þann 25. september 2023. Stefnandi á því ekki annað úrræða en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hefur hlotist af þýðingu stefnunnar vegna birtingar hennar á hendur stefndu í Bandaríkjunum auk kostnaðar af stefnubirtingu að því leyti sem hann reynist hærri en almennt er hér á landi. Gögn vegna þess kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því er nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfs nr. G-066106.
4. Yfirlit yfir útborganir lánsins.
5. Upplýsingar um námslok.
6. Yfirlit yfir gjalddaga lánsins/greiðsluáætlun.
7. Yfirlit yfir stöðu lánsins.
8. Yfirlit yfir skuldabréf.
9. Innheimtuviðvörðun.
10. Innheimtubréf.
11. Tilkynning um gjaldfellingu.
12. Yfirlit yfir greiðslur vegna eldra R láns.
13. Reikningur vegna þýðingar stefnu.
14. Greiðsla til ABC Legal vegna birtingar á stefnu í Bandaríkjunum.
15. Birtingavottorð frá ABC Legal móttekið hjá sýslumanninum á Suðurnesjum þann 25. september 2023.
16. Beiðni um stefnubirtingu í Bandaríkjunum þann 19. júní 2023.
17. Afrit af þýddri stefnu sem þingfesta átti þann 12. október 2023.
18. Greiðsla vegna birtingar í Lögbirtingablaði.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefndu tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Hér með stefnist því stefndu til þess að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 15. febrúar 2024, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 30. nóvember 2023.

F. h. Sigurbjörns Magnússonar lögmanns,

Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2023025415

Útgáfud.: 18. desember 2023

Stefna

Jónas Jóhannsson

dómari við Héraðsdóm Reykjaness,

gjörir kunnugt: Réttinum hefur tjáð, Oddgeir Einarsson lögmaður, f.h. Júlíusar Rafns Júlíussonar, kt. 250164-4959 og Tanattha Noinang, kt. 300370-2259, Klukkuvöllum 26, Hafnafirði, að þau þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness gegn Wirada Prasroeth, kt. 200582-3939, ótilgreindu heimilisfangi, Hafnafirði (með aðsetur að 163 Moo 10 Huai Som, Phu Kradueng, Loei 42180, Taílandi).

I. Dómkröfur: Stefnendur kveðast gera eftirfarandi dómkröfur í málinu:

Stefnendur kveðast krefjast þess aðallega að stefnda greiði sér kr. 21.385.309 ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af þeirri fjárhæð frá málshöfðunardegi til greiðsludags.

Verði ekki fallist á að stefndu beri að greiða báðum stefnenda skv. aðalkröfu kveðast stefnendur krefjast þess til vara að stefnda greiði stefnanda Tanattha einni til samræmis við efni aðalkröfu.

Jafnframt kveðast stefnendur krefjast þess að staðfest verði kyrrsetning sem gerð var hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu föstudaginn 5. maí 2023 í eignarhluta stefndu í fasteigninni Kaplahraun 7C, 220 Hafnarfirði, fasteignanúmer 207-6789, fyrir kröfu að höfuðstólsfjárhæð 12.700.000, sbr. kyrrsetningargerð nr. 2023-21787.

Loks kveðast stefnendur krefjast greiðslu málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu, sér að skaðlausu, ásamt virðisaukaskatti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

II. Málflutningsumboð: Oddgeir Einarsson lögmaður, Land lögmönnum, Hlíðasmára 9, Kópavogi, mun reka mál þetta f.h. stefnenda.

III. Málavextir:

1. Stefnendur kveða helstu málavexti vera eftirfarandi:

2. Stefnendur kveða stefndu hafa komið að máli við sig í upphafi árs 2021 og lagt til að aðilar myndu stofna til samningssambands þess efnis að stefnda myndi taka við peningum frá stefnendum og hún myndi endurgreiða það fjár sem afhent væri í næsta mánuði þar á eftir auk 5% vaxta. Stefnendur hafi samþykkt þetta og um hafi verið að ræða munnlegan samning aðila.

3. Stefnendur kveða fyrirkomulag þetta hafa verið komið til fyrir tillögu stefndu sem nálgast hafi stefnanda Tanattha í þeim tilgangi að gera slíkan samning. Samkvæmt samningnum kveðast stefnendur hafa afhent stefndu endurtekið umtalsvert magn fjár á tímabilinu febrúar 2021 – ágúst 2022. Stefnendur kveðast hafa afhent stefndu peninga annars vegar með því að leggja inn á bankareikning hennar (**dskj. 3 - 4**) og hins vegar með því að afhenda henni reiðufé í vitna viðurvist.

4. Stefnendur kveða stefndu hafa endurgreitt sér verulega takmarkaðan hluta skuldar hennar við þau. Að sögn stefnenda hafi þau látið kr. 29.000.000 af hendi til stefndu en stefnda hafi einungis endurgreitt kr. 7.626.691. Stefnendur kveðast telja að heildarskuld stefndu við þau, sé litið svo á að gildur samningur hafi verið þeirra á milli um að stefna myndi endurgreiða stefnendum það fé sem þau hafi lagt af hendi hvern mánuð ásamt 5% vöxtum af þeirri upphæð, nemi kr. 46.791.332.

5. Að sögn stefnenda hafa þau endurtekið krafð stefndu um efndir kröfu þeirra skv. samningi aðila en án árangurs. Stefnda hafi ekki orðið við lögmætum kröfum þeirra, heldur hafi hún þvert á móti alfarið lokað á öll samskipti við stefnendur. Því hafi stefnendum verið sá einn kostur fær að fara fram á kyrrsetningu á eignum stefndu hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt veðbókarvottorði er stefnda 100% eigandi fasteignarinnar Kaplahraun 7C, 220 Hafnarfirði, fasteignanr. F2076789 (**sbr. dskj. 8**) en stefnendur kveðast ekki hafa fundið ekki staðfestingu um aðrar mögulegar eignir stefndu. Sýslumaður féllst á að skilyrði 5. gr. laga kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990 væri uppfyllt og lauk því við kyrrsetningargerð nr. 2022-59253 þann 7. desember 2022. Voru kr. 13.300.000 kyrrsettar í umræddri fasteign en gerð var árangurslaus kyrrsetning fyrir eftirstöðvum kröfunnar umfram framangreinda upphæð (**dskj. 7**).

6. Stefnendur höfðuðu mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness vegna framangreindra málsatvika, sbr. mál nr. E-88/2023, sem lauk með frávísunarúrskurði dags. 15. febrúar 2023 (**dskj. 10**). Samkvæmt téðum úrskurði var það mat héraðsdóms að málsgrundvöllur stefnenda hafi verið svo vanreifaður að ekki væri komist hjá því að vísa fjárkröfu stefnenda frá dómi. Að sama skapi var kröfu stefnenda um staðfestingu kyrrsetningargerðar sýslumanns vísað frá dómi í ljósi þess að ekki var lagður dómur á fjárkröfu stefnenda.

7. Í forsendum úrskurðar héraðsdóms í máli nr. E-88/2023 kom fram að ekki hafi verið ljóst hvert væri nákvæmt innihald samkomulags aðila né hvers vegna stefnendur hafi greitt stefndu með fjölmörgum greiðslum, stundum sama dag, ýmist með millifærslum á bankareikning stefndu eða með greiðslu á reiðufé. Þá hafi upphæðir greiðslna verið tilviljanakenndar og engin útskýring væri á grundvelli samningssambands aðila eða atvikum að baki. Þá hafi vantað upplýsingar um hvernig stefnda hafi átt að ávaxta fjármuni stefnenda eða nánari lýsingu á fyrirkomulagi endurgreiðslna stefndu. Þá hafi verið óljóst hvernig vaxtakrafa stefnenda væri til fundin.

8. Í tengslum við forsendur frávísunarúrskurðar héraðsdóms kveðast stefnendur leggja áherslu á að samningur aðila hafi verið munnlegur og hann hafi komið til fyrir tilstilli stefndu. Aðilar hafi aldrei skrifað

undir nákvæma samningsskilmála um fyrirkomulag endurgreiðslna og umsaminna vaxtagreiðslna stefndu til stefnenda. Stefnendur kveðast hafa talið sig geta treyst því að stefnda myndi endurgreiða þeim það fé sem þau hafi látið af hendi án þess að það hafi verið fyllilega fast í hendi nákvæmlega hvenær endurgreiðsla ásamt vöxtum myndi eiga sér stað. Samningssamband aðila hafi jafnframt einkennst af því að stefnandi Tanattha og stefnda hafi verið kunningjar og stefnendur hafi því treyst því að stefnda myndi standa við orð sitt og viðhafa heiðarlega viðskiptahætti. Samningurinn hafi ekki verið nákvæmari en svo að stefnda hafi tekið við peningum stefnenda og lofað að endurgreiða þeim þann pening ásamt 5% vöxtum í næsta mánuði eftir afhendingu fjárins. Á þessum forsendum kveða stefnendur upprunalegar kröfur, þ.m.t. vaxtakröfu málsins hafa byggt.

9. Varðandi það mat héraðsdóms að skort hafi upplýsingar um það með hvaða hætti stefnda hafi ætlað að ávaxta féð þá kveðast stefnendur ekki hafa haft mjög ítarlegar upplýsingar frá stefndu um það með hvaða hætti hún hafi ætlað sér að ávaxta féð en hún hafi þó útskýrt fyrir þeim að hún stundi það að lána innflytjendum á Íslandi fjár gegn því að þeir aðilar endurgreiði stefndu lánið með 7% vöxtum. Í tilfelli stefnenda myndi stefnda lána það fjár sem stefnendur afhentu henni áfram til slíks þriðja aðila og endurgreiða stefnendum svo ásamt 5% vöxtum en sjálf halda eftir 2% vöxtum. Að mati stefnenda er það ansi harður mælikvarði að þeim beri að sýna fram á hvernig stefnda hafði í hyggju að ávaxta féð ellegar verði málinu vísað frá dómi, enda benda þau á að skýrt hafi komið fram í stefnu í máli nr. E-88/2023 að samkomulagið hafi komið til fyrir þær sakir að stefnda hafi komið að máli við stefnendur og boðið þeim þetta gylliboð. Stefnendur kveðast ekki vera sérfræðingar í fjármálum en þau hafi treyst því að stefnda gæti staðið við það tilboð sem hún gerði þeim.

10. Í úrskurði í máli nr. E-88/2023 gerði dómurinn sem fyrr greinir athugasemd við fjölda greiðslna frá stefnendum til stefndu, jafnvel fleiri en einni sama dag. Að sögn stefnenda orsakaðist þetta fyrirkomulag á því að stefnda hafi stöðugt verið að setja sig í samband við stefnendur og óskað eftir því að þau létu hana hafa pening. Stefnendur hafi þá orðið við því, í góðri trú um að féð fengist endurgreitt með umsömdum vöxtum, og það hafi þá verið atvikabundið hvort þau hafi átt eitthvert tiltækt reiðufé til að afhenda stefndu. Stundum hafi þau því afhent henni það reiðufé sem þau hafi haft í fórum sér en einnig millifært af bankareikningi í því skyni að afhenda stefndu þá upphæð sem hún hafi falast eftir hverju sinni.

11. Í kjölfar frávisunarúrskurðar héraðsdóms kveðast stefnendur hafa aflað enn frekari gagna en stóðu til grundvallar hinni upphaflegu málshöfðun. Meðal annars kveðast stefnendur ætla að leggja fram gögn sem þau telja að taki allan vafa af um að það samningssamband sem þau hafa greint frá að gilt hafi milli aðila hafi sannarlega verið til staðar (**dskj. 11**). Stefnendur kveða að í umræddu skjali komi m.a. fram í *fyrsta lagi* að stefnandi Tanattha hafi millifært fé af bankareikningi sínum inn á bankareikning stefndu. Í *öðru lagi* kveða stefnendur samskiptin sýna að aðilar hafi rætt að stefnandi Tanattha myndi afhenda stefndu reiðufé. Í *þriðja lagi* að stefnendur hafi ítrekað beðið um endurgreiðslu peninganna og að stefnda hafi endurtekið borið fyrir sig ýmsar afsakanir fyrir því af hverju endurgreiðsla barst ekki. Í *fjórða lagi* að stefnda hafi rætt um að hún myndi endurgreiða féð ásamt vöxtum.

12. Auk framangreinds kveðast stefnendur hafa aflað staðfestingar frá sjö nafngreindum aðilum sem tilbúnir séu að bera vitni fyrir dómi í málinu. Umrædd vitni hafi m.a. verið vitni að því þegar stefnda tók við reiðufé frá stefnanda Tanattha og/eða þegar stefnda lofaði stefnanda Tanattha að stefnda myndi endurgreiða féð ásamt vöxtum.

13. Umfram þau nýju gögn sem nefnd hafa verið og stefnendur kveðast hafa aflað kveðast stefnendur enn fremur munu leggja fram bankayfirlit af reikningi stefnanda Tanattha við þingfestingu málsins (**dskj. 3 - 4**) en skv. umræddu yfirliti megi sjá fjölmargar greiðslur frá stefnanda Tanattha til stefndu. Yfirlitið sýni þó einnig að stefnda hafi í einhverjum tilfellum lagt peninga inn á reikning stefnanda Tanattha. Samkvæmt stefnendum er hluti umræddra greiðslna frá stefndu óskildur samningi aðila um ávöxtun fjár stefnenda en ástæða þess að stefnda hafi í einhverjum tilfellum greitt inn á reikning stefnanda Tanattha hafi verið að hún hafi að eigin sögn einhverra hluta vegna ekki getað millifært peninga til tiltekinna aðila í Tælandi og því hafi stefnandi Tanattha gert stefndu þann greiða að móttaka pening frá stefndu og leggja hann svo um hæl á bankareikninga erlendis. Telja stefnendur að þetta megi sjá með skýrum hætti ef horft sé á áður nefnt reikningsyfirlit þar sem sjá megi að stefnda hafi lagt pening inn á reikning stefnanda Tanattha og strax samdægurs hafi sambærileg upphæð verið millifærð inn á aðila sem merktur er „Paysend“ skv. yfirlitinu. Samkvæmt stefnendum er Paysend greiðslumiðlun sem gerir fólki kleift að leggja peninga inn á bankareikninga erlendis. Stefnendur kveðast einnig munu leggja fram við þingfestingu málsins kvittanir fyrir greiðslur í gegnum Paysend (**dskj. 5**).

14. Sem fyrr greinir taldi héraðsdómur í máli nr. E-88/2023 að vafi væri um efni samningssambands aðila, en dómurinn gerði sem fyrr greinir m.a. athugasemd við skort á upplýsingum um það hvernig stefnda myndi ávaxta fé stefnenda og hvernig vaxtakrafa skv. stefnu í málinu væri reiknuð út. Eins og komið hefur fram í stefnunni kveða stefnendur að um munnlegan samning hafi verið að ræða og telja má að sönnunarstaða sé

örðug varðandi nákvæmari útskýringar vegna vaxtakröfu stefnenda. Í því ljósi kveðast stefnendur hafa ákveðið að falla frá kröfu um greiðslu þess hluta skuldarinnar en eftir sem áður telja stefnendur sér fært að krefja stefndu um efndir samningsins hvað það varðar að hún endurgreiði þeim það fé sem stefnendur afhentu henni. Í því sambandi kveðast stefnendur ítreka að á grundvelli umrædds samkomulags hafi þau látið töluvert magn fjár af hendi til stefndu sem hún hafi ekki endurgreitt þeim, þau hafi sem fyrr greinir ítrekað krafist stefndu um endurgreiðslu en hún hafi ekki endurgreitt heldur alfarið lokað á samskipti við stefnendur, og því sé stefnendum sá einn vegur fær að leita fullnustu réttmætrar kröfu sinnar með sama hætti og áður.

15. Stefnendur kveðast á framangreindum grundvelli hafa leitað til sýslumanns og farið fram á kyrrsetningu í fasteigninni Kaplahrauni 7C, 220 Hafnarfirði, fasteignanr. F2076789 (**dskj. 12**), sem er sem fyrr greinir í 100% eign stefndu.

16. Sýslumaður féllst á að skilyrði 5. gr. laga kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990 væri uppfyllt og lauk því við kyrrsetningargerð nr. 2023-21787 þann 5. maí 2023. Voru kr. 12.700.000 kyrrsettar í umræddri fasteign en gerð var árangurslaus kyrrsetning fyrir eftirstöðvum kröfunnar umfram framangreinda upphæð (**dskj. 13**).

17. Þar sem stefnendur kveðast hafa krafist stefndu um efndir kröfu sinnar og kyrrsetningargerð hefur sem fyrr greinir verið lokið hjá sýslumanni kveðast þau telja sér þann kost einn færan á grundvelli 36. gr. laga nr. 31/1990 að leita til dómstóla til staðfestingar kyrrsetningargerðarinnar og til að tryggja efndir kröfu sinnar en stefnendum er skylt skv. 1. mgr. 36. gr. laganna að fá útgefna réttarstefnu í staðfestingarmáli innan viku frá lokum gerðar.

IV. Málsástæður:

IV. 1 Aðalkrafa:

18. Stefnendur kveðast ítreka að þau telji að skuldbindandi samningur hafi verið kominn á um að stefnda myndi endurgreiða stefnendum alla þá fjármuni sem stefnendur hafi látið renna til hennar ásamt 5% mánaðarlegum vöxtum. Stefnendur kveðast þó sem fyrr greinir, í ljósi forsendna úrskurðar Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. E-88/2023 og vegna erfiðrar sönnunarstöðu um vaxtakröfuna, hafa ákveðið að falla frá kröfu um að stefnda endurgreiði þeim vaxtakröfuna, heldur kveðast þau einungis krefjast þess *aðallega* að stefnda endurgreiði þeim það fjár sem stefnendur hafi látið henni í hendur á grundvelli samningsins. Stefnendur kveðast leggja sérstaka áherslu á að ný gögn, sem sýni samskipti stefndu við stefnanda Tanattha er varðar efni samningsins, verði lögð fram í málinu og þau sanni tilvist samningssambands aðila og taki að mati stefnenda allan vafa af um lögmætri krafna þeirra.

19. Stefnendur kveða að þau hafi afhent stefndu kr. 29.000.000 á grundvelli samnings aðila en stefnda hafi einungis endurgreitt þeim kr. 7.627.691. Stefnendur kveða framlögð gögn staðfesta með óyggjandi hætti að þau hafi lagt fram fjárhæðir með millifærslu af bankareikningi sínum á bankareikning stefndu, þ.e. þau hafi lagt kr. 11.382.500 inn á reikning stefndu en að stefnda hafi einungis greitt kr. 7.627.691 til baka á reikning stefnenda. Bersýnilega sannaður mismunur á greiðslum milli aðila séu því kr. 3.754.809 sem stefnendur telja óumdeilanlegt að stefndu beri að endurgreiða þeim á grundvelli samnings aðila.

20. Stefnendur kveða erfiðara að sanna þann hluta kröfunnar sem stefnendur kveðast hafa greitt stefndu með reiðufé en þó hafi þau trygg sönnunargögn sem styðji þá frásögn enda kveða stefnendur að þau muni leiða að lágmarki sjö vitni fyrir dóminn sem m.a. geti staðfest að þau hafi verið viðstödd þegar stefnandi Tanattha hafi afhent stefndu reiðufé í einhverjum tilfellum á grundvelli samnings aðila.

21. Stefnendur kveðast telja ljóst að stefndu beri að endurgreiða þeim samkvæmt efni samningsins og vísa stefnendur hvað það varðar til meginreglna kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga og meginreglna samningaréttar um skuldbindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga, sem finni stoð í lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936. Stefnendur kveðast einnig byggja meginreglu samningaréttar um formfrelsi samninga. Munnlegir samningar séu jafngildir skriflegum samningnum þegar lög mæli ekki á annan veg.

22. Verði gögn málsins ekki talin nægja til að sanna með óyggjandi hætti að samningssamband hafi verið með aðilum kveðast stefnendur byggja á því *til vara* að stefndu beri eftir sem áður að endurgreiða stefnendum það fé sem þau hafi afhent stefndu. Stefnendur kveðast í því tilfelli benda á að þrátt fyrir að ekki sé krafist um efndir skv. samningi aðila þá telji stefnendur ljóst að nægileg gögn liggi fyrir í málinu til að staðfesta að sannarlega hafi aðilar átt í einhvers konar fjárhagslegu sambandi. Með vísan til framangreinds kveðast stefnendur telja sannað að samningur hafi verið í gildi á milli aðila, jafnvel þó ekki sé þá krafist um efndir skv. efni hans.

23. Stefnendur kveða eftir sem áður eftir standa að þau hafi afhent stefndu kr. 29.000.000 en stefnda hafi einungis endurgreitt þeim kr. 7.627.691 og óháð gildi samnings aðila þá beri stefndu að endurgreiða það fjár. Stefnendur kveða framlögð gögn staðfesta með óyggjandi hætti að þau hafi lagt fram fjárhæðir með millifærslu af bankareikningi sínum á bankareikning stefndu, þ.e. þau hafi lagt kr. 11.382.500 inn á reikning stefndu en að stefnda hafi einungis greitt kr. 7.627.691 til baka á reikning stefnenda. Mismunurinn á greiðslum aðila séu því kr. 3.754.809 sem stefnendur telja óumdeilanlegt að stefndu beri að endurgreiða þeim skv. meginreglum kröfuréttar.

24. Stefnendur kveða erfiðara að sanna þann hluta kröfunnar sem stefnendur kveðast hafa greitt stefndu með reiðufé en þó hafi þau trygg sönnunargögn sem styðji þá frásögn enda kveða stefnendur að þau muni leiða að lágmarki sjö vitni fyrir dóminn sem m.a. geti staðfest að þau hafi verið viðstödd þegar stefnandi Tanattha afhenti stefndu reiðufé í einhverjum tilfellum á grundvelli samnings aðila.

25. Hvað varðar gjalddaga kröfunnar kveðast stefnendur vísa til meginreglu kröfuréttar um að gjalddagi sé almennt við stofnun kröfu nema að samningsákvæði leiði til annars, sbr. meðal annars 49. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Þannig sé skuldari skyldugur til að greiða skuld sína þegar kröfuhafi krefst þess. Sem fyrr greinir kveðast stefnendur ítrekað hafa kafið stefndu um endurgreiðslu, líkt og m.a. megi afmarka af framlögðum gögnum (**dskj. 11**), og sé því skylda stefnda til greiðslu skuldarinnar ótvíræð.

26. Stefnendur kveða ljóst að stefnda hafi beitt þau blekkingum í því skyni að hafa af þeim peninga sem hún hafi aldrei ætlað sér að greiða þeim til baka. Stefnendur kveðast telja að aðgerðir stefndu hafi falið í sér brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 enda hafi stefnda haft fé af stefnendum með þeim hætta að vekja og hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd stefnenda um einhver atvik. Þannig hafi stefna auðgast umtalsvert með ólöglegum aðgerðum sínum á kostnað stefnenda. Með vísan til framangreinds kveðast stefnendur telja að niðurstaða þar sem ekki yrði fallist á kröfur þeirra myndi vera andstæð íslenskri réttarskipan.

27. Stefnendur kveðast byggja á því að engin haldbær rök geti leitt til þeirrar niðurstöðu að stefndu beri ekki að endurgreiða það fjár sem stefnendur hafa látið af hendi enda sé ekkert sem gefi til kynna að stefnendur hafi ætlað sér að gefa stefndu féð. Það geti undir engum kringumstæðum talist hafa verið góð trú stefndu að um gjafagerning hafi verið að ræða. Stefnendur kveða stefndu í lófa lagið að leggja fram gögn sem gefi til kynna að um gjafagerning hafi verið að ræða eða geti útskýrt ástæður þess að stefnendur afhentu stefndu slíkt magn fjár.

28. Varðandi ótvíræða sönnunarbyrði stefndu á því að þær greiðslur sem borist hafi frá stefnendum hafi verið gjafagerningar kveðast stefnendur benda á dóm Hæstaréttar Íslands dags. 21. október 1991 í málinu nr. 185/1999 og dóm Landsréttar dags. 12. apríl 2019 í málinu nr. 185/2018 sem staðfesti að sá sem heldur því fram að tiltekin ráðstöfun fjármuna til hans helgist af gjöf eða öðrum örlætisgerningi beri almennt sönnunarbyrði fyrir staðhæfingu sinni um þetta.

29. Óháð því hvort heldur sé fallist á þær málsástæður sem liggja *aðallega* að baki aðalkröfu, þ.e. að gildur samningur hafi verið á milli aðila, eða þá þær málsástæður sem liggja *til vara* að baki aðalkröfu, þ.e. að stefndu beri að endurgreiða stefnendum það fjár sem þau afhentu henni, þá sundurliðast aðalkrafa í báðum tilfellum með eftirfarandi hætti:

Reiðufé afhent stefndu, tímabilið feb 2021 - jún 2022: kr. 17.617.500.

Millifært á bankareikning stefndu, tímabilið feb 2021 - ágú 2022: kr. 11.382.500.

Kyrrsetningargjald kr. 13.000.

Endurgreitt frá stefndu: - kr. 7.627.691.

Samtals: kr. 21.385.309.

IV. 2 Varakrafa:

30. Með varakröfu er þess krafist að stefnda greiði einungis stefnanda Tanattha samkvæmt efni aðalkröfu. Sem fyrr greinir kveða stefnendur samningssambandið hafa stofnast fyrir þær sakir að stefnda hafi leitað til stefnanda Tanattha og boðið upp á umræddan samning. Öll samskipti og flestar greiðslur milli aðila fóru að sögn stefnanda fram milli stefnanda Tanattha og stefndu, sbr. m.a. framlagt reikningsyfirlit sem sýnir millifærslur á milli reikninga þeirra (**dskj. 3 - 4**). Stefnendur telja ljóst að þau hafi bæði verið samningsaðilar að umræddum samning enda hafi fjár það sem lagt hafi verið fram til stefndu stafað frá báðum stefnanda og kveða stefnendur stefndu sannarlega hafa verið meðvitað um það. Verði gögn málsins ekki talin sýna með óyggjandi hætti fram á samningsaðild stefnanda Júlíusar telja stefnendur rétt að varakrafa byggi á samningsaðild stefnanda Tanattha einnar.

IV. 3 Krafa um staðfestingu kyrrsetningar með dómi:

31. Stefnendur kveðast vísa til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. og byggja þau á því að öll skilyrði umrædds ákvæðis séu fyrir hendi og því beri að staðfesta kyrrsetningargerðina.

32. Í fyrsta lagi kveðast stefnendur telja rétti sinn til endurheimtu þess fjár sem lagt var af hendi til stefnu alveg ljós. Vísast hvað sönnun fyrir gildi kröfunnar varðar til málavaxta og til umfjöllunar í tengslum við aðalkröfu málsins. Þá kveðast stefnendur byggja á því, verði hluti kröfu þeirra talinn ósannaður, að í öllu falli beru stefndu að endurgreiða þeim mismun þeirrar fjárhæðar sem þau hafi afhent stefndu með millifærslu á reikning hennar, kr. 11.382.000, að frádragnu því sem stefnda greiddi til baka á reikning stefnenda, kr. 7.627.691, þ.e. samtals kr. 3.754.809. Kveðast stefnendur telja að yfirlit af bankareikningum (**dskj. 3 - 4**) staðfesti með óyggjandi hætti að þau hafi látið umtalsvert magn fjár renna til stefndu án þess að nokkuð endurgjald hafi komið fyrir. Telja stefnendur ljóst að hinn kyrrsetti eignarhluti stefndu í fasteigninni Kaplahrauni 7C, 220 Hafnarfirði, fasteignanr. F2076789, standi að lágmarki til þess að tryggja þá kröfu. Stefnendur eigi því lögvarða kröfu á hendur stefndu.

33. Í öðru lagi benda stefnendur á að kröfunni verði ekki þegar fullnægt með aðför enda sé krafist dóms um réttindi stefnenda í þessu máli.

34. Í þriðja lagi er það mat stefnenda að stefnda hafi sýnt það í verki að hún hyggist ekki virða réttindi stefnenda enda hafi hún að þeirra sögn hafnað að endurgreiða þeim skuldina og lokað alfarið á samskipti við stefnendur.

35. Þá benda stefnendur á að þau hafi engar upplýsingar fundið sem gefa til kynna að stefnda eigi aðrar eignir eða slíka fjármuni til reiðu hér á landi að stefndum sé unnt að tryggja réttindi sín með öðrum hætti. Þar að auki telja stefnendur sem fyrr greinir að líkur séu á að stefnda hafi beitt þau blekkingum í tengslum við samninginn sem málið varðar í því skyni að svíkja af stefndum peninga og koma þeim undan og fara með þá til Tailands, hvar stefnda hefur ríkisborgararétt og virðist nú hafa aðsetur. Telja stefnendur því ljóst að mjög muni draga úr líkindum á að fullnusta kröfu þeirra takist eða að fullnusta þeirra verði verulega örðugri verði ekki fallist á staðfestingu kyrrsetningarinnar. Þeim hafi því verið sá einn kostur fær að krefjast kyrrsetningar og með vísan til framangreinds telja þau að staðfesta beri kyrrsetninguna.

V. LAGARÖK:

36. Til stuðnings kröfum sínum kveðast stefnendur meðal annars vísa til eftirfarandi lagareglna.

37. Varðandi aðal- og varakröfur kveðast stefnendur varðandi samning aðila vísa til meginreglna samningaréttar um skuldbindingargildi loforða, skyldu til að efna samninga og formfrelsi samninga sem finni stoð í lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936. Verði samningssamband aðila talið ósannað kveðast stefnendur byggja á meginreglum kröfuréttar um endurgreiðslu þess sem afhent var án endurgjalds. Þá kveðast þau vísa til meginreglu kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga og til þess að skv. eðli máls sé stefndu skylt að greiða stefndum til baka fé sitt.

38. Varðandi kröfu um staðfestingu kyrrsetningar kveðast stefnendur vísa til laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990, einkum 5. gr. og 2. mgr. 36. gr. laganna og varðandi frest til útgáfu réttarstefnu vísast til 1. mgr. 36. gr. laganna. Varðandi varnarþing kveðast stefnendur vísa til 1. málslíðar 5. mgr. 36. gr. sömu laga.

39. Stefnendur kveðast vera í hjúskap og þau hafi sameiginlegan fjárhag og séu samsköttuð. Þá hafi þau bæði lagt umtalsverðar fjárhæðir af hendi til stefndu á grundvelli samnings aðila. Með vísan framangreinds telja stefnendur ljóst að réttilega sé staðið að málinu á grundvelli samaðildar og kveðast stefnendur vísa til 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála (eml.) varðandi samaðildina.

40. Stefnendur kveðast vísa til 1. mgr. 6., sbr. 4. mgr. 5. mgr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 hvað varðar dráttarvexti.

41. Krafa um málskostnað styðjist að sögn stefnenda við 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

VI. Framlagning gagna:

42. Við þingfestingu málsins kveðast stefnendur að minnsta kosti muna leggja fram eftirfarandi gögn:

1. Stefnu.
2. Skjalaskrá.
3. Heildaryfirlit reiknings nr. 0545-26-006440, tímabil 1.1.21 – 16.11.22.
4. Yfirlit yfir greiðslur til og frá gerðarþola af reikningi nr. 0545-26-006440, tímabil 1.1.21 – 16.11.22.
5. Greiðslukvittanir „Paysend“, tímabil 8. nóvember 2021 – 15. september 2022.

6. Kyrrsetningarbeiðni, dags. 21. nóvember 2022.
7. Kyrrsetningargerð nr. 2022-59253, dags. 7. desember 2022.
8. Veðbandayfirlit vegna fasteignarinnar Kaplahraun 7C, fastanr. F2076789.
9. Ítarleg sundurliðun kröfugerðar.
10. Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness dags. 15. febrúar 2023 í máli nr. E-88/2023.
11. Messenger samskipti stefnanda Tanattha og stefndu ásamt þýðingu tailensks túlks á samskiptunum.
12. Kyrrsetningarbeiðni, dags. 30. mars 2023.
13. Kyrrsetningargerð nr. 2023-21787, dags. 5. maí 2023.

43. Stefnendur kveðast þó áskilja sér réttar til þess að leggja fram frekari gögn við þingfestingu sem og á síðari stigum málsins.

VII. Skýrslutökur fyrir dómi:

44. Stefnendur kveðast áskilja sér rétt til að gefa aðilaskýrslu.

45. Stefnendur kveðast munu að lágmarki leiða eftirfarandi vitni fyrir dóminn:

1. Saisunee Jonsson, kt. 261091-3649.
2. Wipaporn Jithongchai, kt. 191178-2039.
3. Teeratat Aroonpeang, kt. 090986-4659.
4. Jirasuda Srisoda, kt. 210381-2879.
5. Rattanakon Saenpanya, kt. 060274-2669.
6. Anchana Meenoi, kt. 281187-3179.
7. Parichat Pungen, kt. 261275-2799.

46. Stefnendur kveðast þar að auki áskilja sér réttinn til þess að leiða frekari vitni fyrir dóm telji þau ástæðu til þess á síðari stigum.

VIII. Almennur áskilnaður:

47. Stefnendur kveðast áskilja sér rétt til þess að leggja fram frekari sönnunargögn og til að koma fram með frekri kröfur, málsástæður, mótmæli og lagarök á síðari stigum málsins, þ.á.m. við munnlegan flutning þess, eftir því sem ástæða þykir til og málatilbúnaður stefndu gefur tilefni til.

IX. Fyrirkall:

48. Fyrir því stefnist hér með Wirada Prasroeth, kt. 200582-3739, ótilgreindu heimilisfangi, Hafnarfirði en með aðsetur að 163 Moo 10 Huai Som, Phu Kradueng, Loei 42180, Taílandi, til þess að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður í dómsal 1 í húsnaði héraðsdóms að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, þann 24. janúar 2024 kl. 9.00 er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá ef ekki verður sátt í málinu, að skjöl og skilríki verði í dóm lögð og til þess að leggja fram gögn að sinni hálfu. Ef ekki verður mætt að hálfu stefndu við þingfestingu málsins má stefnda búast við því að útvistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Hafnarfirði, 12. maí 2023.

Jónas Jóhannsson

dómari við Héraðsdóm Reykjaness.

Athugasemdir Oddgeirs Einarssonar hrl., lögmanns stefnenda, varðandi birtingu í Lögbirtingablaði:

*Til stóð að birta ofangreinda réttarstefnu samkvæmt ákvæði 1. mgr. 90. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 (eml.) fyrir stefndu í Taílandi, þar sem hún hefur nú aðsetur. Erindið fór í gegnum slíkt ferli fyrir milligöngu Utanríkisráðuneytisins en tailensk yfirvöld létu liða hjá að verða ósk um birtingu. **Réttarstefnan er því nú birt í Lögbirtingablaði á grundvelli b. liðar 1. mgr. 89. gr. eml.** Í sambandi við framangreint er ítrekað að fyrir liggur embættiserindi Sendiráðs Íslands í Peking, dags. 15. desember 2023, um að stefnubirting í Taílandi muni ekki nást. Verður embættiserindið lagt fram sem dómskjal við þingfestingu málsins. Samkvæmt 2. mgr. 89. gr. eml. skal í stefnu tiltaka af hverri ástæðu birt er í Lögbirtingablaði. Þar sem um er að ræða réttarstefnu til staðfestingu kyrrsetningar sem þegar hefur verið útgefin af dómara við Héraðsdóm Reykjaness á grundvelli 1. mgr. 36. gr. laga nr. 21/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl., og slíkar stefnur skulu út gefnar innan viku frá lokum gerðar, þ.e. innan viku frá 5. maí 2023, er ekki unnt að fá stefnuna endurútgefna og tiltaka í sjálfri stefnunni af hverri ástæðu stefnan er birt í Lögbirtingablaði, sbr.*

tilmæli 2. mgr. 89. gr. eml., en tilgangur athugasemda þessara er að uppfylla það skilyrði sem ákvæðið gerir til stefnubirtingar í Lögbirtingablaði.

Virðingarfyllst, f.h. stefnanda
Oddgeir Einarsson hrl.

(2023025555

Útgáfud.: 15. desember 2023

Eftirtaldir aðilar hafa hlotið leyfi innviðaráðherra til að reka leigumiðlun sbr. lög nr. 36/1994 um húsaleigu

Nafn	Heimili	Póstfang
Þórdís Pála Reynisdóttir	Hólsvegur 5	735
Björgvin Ólafur Óskarsson	Dugguvogur 10	104
Björgvin Guðjónsson	Sóleyjagata 17	101
Heiðrekur Þór Guðmundsson	Skjólbraut 13	200

Innviðaráðuneytinu, 5. desember 2023.
F.h.r.

Hólmfríður Bjarnadóttir.

(2023025424

Útgáfud.: 15. desember 2023

Auglýsing um breytingu á áfrýjunarfjárhæð

Áfrýjunarfjárhæð samkvæmt 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 17. gr. laga nr. laga nr. 49/2016, er kr. 1.355.762.

Áfrýjunarfjárhæð þessi tekur gildi 1. janúar 2024 og gildir fyrir árið 2024.

Dómsmálaráðuneytinu,
11. desember 2023.

(2023025425

Útgáfud.: 15. desember 2023

Eftirtaldir aðilar hafa hlotið leyfi innviðaráðherra til að gera eignaskiptayfirlýsingar sbr. lög nr. 26/1994 um fjöleignarhús

Nafn	Heimili	Póstfang
Ágústa Hafdís Sigurþórsdóttir	Stillholt 16-18	300
Björgvin Ólafur Óskarsson	Dugguvogur 10	104
Björn Gústafsson	Bæjarhrauni 20	220
Guðmundur Birgir Guðmundsson	Fjarðarás 28	110
Helgi Kjartansson	Hvammur 1	846
Jóhannes Jensson	Sörlaskjól 38	107
Jón Ólafur Erlendsson	Baugholt 18	230

Innviðaráðuneytinu, 5. desember 2023.
F.h.r.

Hólmfríður Bjarnadóttir.

(2023025448

Útgáfud.: 19. desember 2023

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Bifreiðaðumsjón ehf.**

Kt.: 471223-2470.

Heimili og varnarþing: **Norðurgötu 45, 600 Akureyri.**

Dagsetning samþykktar er: 21. nóvember 2023.

Stofnendur: Bjarni Ísak Sveinbjörnsson, kt. 240202-2980, Norðurgötu 45, 600 Akureyri, Guðni Snær Arnþórsson, kt. 130202-3140, Heiðarlundi 1G, 600 Akureyri.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 21. nóvember 2023.

Formaður stjórnar: Guðni Snær Arnþórsson. *Meðstjórnandi:* Bjarni Ísak Sveinbjörnsson. *Varastjórn:* Davíð Þ. Kristjánsson, kt. 120148-3119, Brekkugötu 36, 600 Akureyri.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Bjarni Ísak Sveinbjörnsson.

Prókúruumboð: Bjarni Ísak Sveinbjörnsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Kristinn Ketilsson, kt. 240365-5619, Drekaflí 28, 603 Akureyri.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Alhliða bifreiðaðþjónusta og eignaumsjón bifreiða, þar með talin rekstur dekkjaverkstæðis, smurþjónustu, smáviðhalds og fleira auk reksturs fasteigna og lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2023026145

Útgáfud.: 19. desember 2023

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Nýja spýtan ehf.**

Kt.: 461223-1840.

Heimili og varnarþing: **Hjallavegi 11, 400 Ísafjörður.**

Dagsetning samþykktar er: 29. nóvember 2023.

Stofnendur: Magnús Jónsson, kt. 061263-4389, Hjallavegi 11, 400 Ísafjörður.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 29. nóvember 2023.

Stjórnarmaður: Magnús Jónsson. *Varastjórn:* Málfríður Hjaltadóttir, kt. 230667-5279, Hjallavegi 11, 400 Ísafjörður.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Magnús Jónsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Endurskoðun Vestfjarða ehf., kt. 610604-3580, Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Kaup, sala og leiga fasteigna.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2023026146

Útgáfud.: 19. desember 2023

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Ökunám ehf.**

Kt.: 441223-1100.

Heimili og varnarþing: **Orrahólum 7, 111 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 12. nóvember 2023.

Stofnendur: Guðbjartur Bergman Kristjánsson, kt. 030466-3739, Orrahólum 7, 111 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 12. nóvember 2023.

Stjórnarmaður: Guðbjartur Bergman Kristjánsson. *Varastjórn:* Þórarinn Jóhann Kristjánsson, kt. 021064-3199, Hellisgötu 33, 220 Hafnarfjörður.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Guðbjartur Bergman Kristjánsson.

Prókúruumboð: Guðbjartur Bergman Kristjánsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Örn Bergmann Jónsson, kt. 040890-3199, Neshaga 9, 107 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Ökunám. Ökukennsla.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2023026186

Lögbirtingablað,
8. tölublað 2024.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,
Kristín Þórðardóttir.